

# STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 1996

5. febrúar 1996

109

Nr. 74

## REGLUGERÐ

### um dragnótaveiðar.

#### 1. gr.

Allar veiðar í dragnót eru óheimilar án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Heimilt er að binda leyfi og útgáfu þess þeim skilyrðum er þurfa þykir, m.a. um að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skipa af ákveðinni stærð og gerð, eða skip er dragnótaveiðar hafa stundað áður. Jafnframt er heimilt að binda heimildir til dragnótaveiða við ákveðin svæði og taka þá mið af stærð skipa, útgerðar- og heimahöfn og heimilisfesti útgerðar.

#### 2. gr.

Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 135 mm. Þó er heimilt að ákveða í leyfisbréfi að veiðar í dragnót á tilteknum svæðum skuli háðar sérstökum skilyrðum um lágmarksstærð möskva. Um mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði reglugerðar nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur.

#### 3. gr.

Ákveði ráðuneytið, í leyfisbréfi eða með öðrum hætti, að nota skuli leggglugga við dragnótaveiðar á ákveðnum svæðum, skal glugginn útbúinn og komið fyrir í poka með eftirgreindum hætti:

1. Lengd gluggans skal vera minnst 4 metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera minnst 5 metra frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er saumaður við upptöku pokans skal taka tvær upptökur á mótí einum legg. Lengdarhliðar gluggans skulu leystar slétt með neðra byrðinu í hliðarhúsi pokans.
4. Möskvastærð gluggans skal vera a.m.k. sú sama og í pokanum.

#### 4. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva sbr. 2. og 3. gr., en þó skal eigi teljast ólöglegt að festa net og annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

#### 5. gr.

Við veiðar með dragnót er óheimilt að nota hlera og hvað eina sem komið gæti í þeirra stað til útpenslu vængjanna.

#### 6. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 19. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Jafnframt er

heimilt að svipta skip heimild til veiða sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 326, 3. september 1992, um dragnótaveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytinu 5. febrúar 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða.

## 1. gr.

Frá og með 8. febrúar 1996 eru allar tog- og dragnótaveiðar við Ingólfshöfða bannaðar frá fjörumarki meginlandsins á svæði sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 64°02'00 N - 16°11'20 V | 3. 63°46'74 N - 16°22'89 V |
| 2. 63°56'43 N - 16°02'70 V | 4. 63°48'00 N - 16°40'00 V |

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að stunda dragnótaveiðar á eftirgreindu svæði enda sé dragnótin búin netglugga, sbr. 3. gr. reglugerðar um dragnótaveiðar frá 5. febrúar 1996:

- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°47'43 N - 16°31'84 V | 3. 63°53'00 N - 16°10'00 V |
| 2. 63°55'70 N - 16°16'12 V | 4. 63°46'74 N - 16°22'89 V |

## 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá og með 8. febrúar 1996 felld úr gildi reglugerð nr. 400, 20. júlí 1995, um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*